

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingar eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2001 er gjaldið kr. 5.500 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2001 er gjaldið kr. 4.500 á hverja sorptunnu.

3. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2 grein fylgir reglum um gjalddaga fasteignagjalda, og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd í eindaga.

4. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000, um sorphreinsun í Fjarðabyggð og öðlast gildi við birtingu.

Fjarðabyggð, 22. janúar 2001.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Byggðasafnið að Skógum, A-Eyfjallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Austur-Eyfjallahrepps þann 3. október 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir Byggðasafnið að Skógum.

Deiliskipulagið nær til næsta umhverfis núverandi safnhúsa og gerir meðal annars ráð fyrir byggingarreit fyrir allt að 2000 m² sýningarhúsi, svæði fyrir aðflutt hús og nýrri aðkomu að safninu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vík, 24. janúar 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltrúi.